

## Starfskjarastefna Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

*Það er stefna og forgangsatíði hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að laða að afburða starfsfólk og hafa í vinnu til langs tíma. Í því skyni þarf félagið að vera með samkeppnishæf starfskjör. Launakjör æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna skulu vera samræmd, sanngjörn og taka m.a. mið af starfskjörum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.*

*Starfskjarastefnunni er ætlað að tryggja að hagsmunir stjórnar, æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna fari saman við langtímaárangur Lánasjóðsins. Jafnframt skal starfskjarastefnan vera í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglna settra samkvæmt þeim. Starfskjarastefnan er til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins, sbr. 79 gr. a) hlutafélagalaga nr. 2/1995, og setur fram meginmarkmið. Ekki má líta svo á að starfskjarastefna þessi veiti tæmandi yfirsýn yfir starfskjör hjá Lánasjóðnum. Lánasjóðurinn veitir ekki starfskjör með afhendingum á hlutum í félaginu eða annars konar greiðslum sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu.*

### 1. Almenn varðandi ákvarðanir um starfskjör

- a) Stjórnarmenn skulu fá fasta mánaðarlega greiðslu í samræmi við ákvörðun aðalfundar.
- b) Stjórn eða stjórnarformaður fyrir hennar hönd, semur við framkvæmdastjóra um starfskjör hans og skal í því efni horft til ráðningakjara fyrir sambærileg störf.
- c) Almenn ráðningakjör starfsmanna eru ákvörðuð af framkvæmdastjóra og skulu þau taka mið af launum fyrir sambærileg störf.

### 2. Greiðslur til viðbótar við grunnlaun

Til viðbótar við grunnlaun getur Lánasjóður sveitarfélaga ohf. meðal annars greitt eða umbunað æðstu stjórnendum og öðrum starfsmönnum með eftirfarandi hætti:

- a) Lífeyrisréttindi: Félagið skal greiða framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð starfsmanna í samræmi við viðeigandi lög og ráðningarsamninga eða kröfur á vinnumarkaði. Félagið getur greitt aukaframlag í lífeyrissjóð samkvæmt nánara samkomulagi við starfsmann. Félagið skal ekki taka á sig lífeyrisskuldbindingar nema slíkt sé áskilið í lögum.
- b) Starfslokagreiðslur: Félagið skal gæta þess að starfslokasamningar séu í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og laga um hlutafélög. Almenn skal miða við að aðeins sé samið um gagnkvæman uppsagnarfrest í ráðningasamningum í samræmi við venjur á vinnumarkaði á hverjum tíma, auk þess sem tekið skal tillit til ábyrgðar starfsmanna og annarra viðeigandi þátta.

### 3. Frávik frá starfskjarastefnu

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga getur vikið frá starfskjarastefnu þessari en það skal rökstutt í hverju tilviki og bókað í gerðabók stjórnar.